Nr. 90 29. janúar 2009

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 929/2006 um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota.**

1. gr.

Ákvæði um sektir í viðauka orðast þannig:

VIÐAUKI

**Skrá um vægi brota í punktakerfi.**

Brot á eftirfarandi ákvæðum umferðarlaga eða reglum samkvæmt þeim varða punktum samkvæmt þessari skrá.

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Punktafjöldi* |
|---|---|---|
| | | |
| **5. gr.** | **Leiðbeiningar fyrir umferð.** | |
| *1. - 2. mgr.:* | Ekið gegn rauðu umferðarljósi | 2 |
| | Ekið gegn einstefnu | 1 |
| | Bann við framúrakstri eigi virt | 1 |
| *3. mgr.:* | Óhlýðni ökumanns við leiðbeiningum lögreglu | 2 |
| | | |
| **10. gr.** | **Skyldur við umferðaróhapp.** | |
| *1. mgr.:* | Eigi numið staðar og veitt hjálp | 2 |
| *2. mgr.:* | Vanrækt að tilkynna lögreglu um slys | 2 |
| | | |
| **13. gr.** | **Notkun akbrauta.** | |
| *1. mgr.:* | Ekið eftir gangstétt eða gangstíg | 1 |
| | | |
| **17. gr.** | **Að snúa ökutæki, aka aftur á bak og skipta um akrein.** | |
| *1. mgr.:* | Ökutæki bakkað eða snúið við þannig að hætta eða óþægindi skapast fyrir aðra | 1 |
| | | |
| **18. gr.** | **Akstur við biðstöð hópbifreiða o.fl.** | |
| *1. mgr.:* | Eigi virtur forgangur hópbifreiðar til aksturs frá biðstöð | 1 |
| *2. mgr.:* | Eigi sýnd sérstök aðgát í námunda við merkta skólabifreið sem hefur stansað o.fl. | 1 |
| | | |
| **19. gr.** | **Þegar ökutæki mætast.** | |
| *1. mgr.:* | Eigi vikið nægilega eða dregið úr hraða | 1 |
| | | |
| **20. gr.** | **Framúrakstur.** | |
| *1. mgr.:* | Ekið hægra megin fram úr | 1 |
| | Ekið vinstra megin fram úr ökutæki sem er að sveigja til vinstri | 1 |
| *2. mgr.:* | Eigi sýnd nægileg varúð við framúrakstur (a-d liðir) | 1 |
| | | |
| **21. gr.** | | |
| *1. mgr.:* | Eigi vikið nægilega eða framúrakstur torveldaður | 1 |
| | | |
| **22. gr.** | **Bann við framúrakstri.** | |
| *1. mgr.:* | Ekið fram úr við eða á vegamótum | 1 |
| *2. mgr.:* | Ekið fram úr þegar vegsýn er skert | 1 |
| | | |
| **24. gr.** | **Framúrakstur við gangbraut.** | |
| | Ekið fram úr rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni | 2 |
| | | |
| **25. gr.** | **Skylda til að veita öðrum forgang.** | |
| *2. mgr.:* | Eigi virt: | |
| | - biðskylda | 1 |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Punktafjöldi* |
|---|---|---|
| | - stöðvunarskylda | 2 |
| *4. mgr.:* | Eigi virtur almennur forgangur á vegamótum o.fl. (hægri reglan) | 2 |
| | | |
| **26. gr.** | **Sérstakar skyldur gagnvart gangandi vegfarendum.** | |
| *5. – 6. mgr.:* | Gangbrautarréttur eigi virtur | 2 |
| | | |
| **32. gr.** | **Ljósanotkun.** | |
| *2. mgr.:* | Ökuljós eigi tendruð þegar birta er ófullnægjandi | 1 |
| | | |
| **36. gr.** | **Almennar reglur um ökuhraða.** | |
| *1. - 3. mgr.:* | Ökuhraði eigi miðaður við aðstæður | 2 |
| | | |
| **37. - 38. gr.** | **Almennar hraðatakmarkanir og ökuhraði sérstakra gerða ökutækja.** | |
| | *Hámarkshraði 30-35 km/klst:* | |
| | Ekið 16-20 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða | 1 |
| | Ekið 21-25 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða | 2 |
| | Ekið 26 km/klst. eða meira yfir leyfilegum hámarkshraða | 3 |
| | | |
| | *Hámarkshraði 50-60 km/klst:* | |
| | Ekið 26-30 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða | 1 |
| | Ekið 31-35 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða | 2 |
| | Ekið 36 km/klst. eða meira yfir leyfilegum hámarkshraða | 3 |
| | | |
| | *Hámarkshraði 70 km/klst:* | |
| | Ekið 26-30 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða | 1 |
| | Ekið 31-40 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða | 2 |
| | Ekið 41 km/klst. eða meira yfir leyfilegum hámarkshraða | 3 |
| | | |
| | *Hámarkshraði 80-90 km/klst:* | |
| | Ekið 21-30 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða | 1 |
| | Ekið 31-40 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða | 2 |
| | Ekið 41 km/klst. eða meira yfir leyfilegum hámarkshraða | 3 |
| | | |
| **41. gr.** | **Bifhjól.** | |
| | Brot á sérreglum fyrir bifhjól | 1 |
| | | |
| **47. gr. a** | **Notkun farsíma við akstur.** | |
| *1. mgr.:* | Notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur bifreiðar | 1 |
| | | |
| **48. gr.** | **Ökupróf og ökuskírteini.** | |
| *1. mgr.:* | Akstur bifreiðar eða bifhjóls án þess að hafa öðlast ökurétt: | |
| | - í fyrsta sinn | 1 |
| | - í annað sinn | 2 |
| | | |
| **71. gr.** | **Öryggisbelti.** | |
| *1. mgr.:* | Öryggisbelti ekki notað | 1 |
| *2. mgr.:* | Sérstakur öryggisbúnaður fyrir barn ekki notaður | 1 |
| *6. mgr.:* | Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað skv. 1. – 4. mgr. | 1 |
| | | |
| **72. gr.** | **Hlífðarhjálmar.** | |
| *1. mgr.:* | Viðurkenndur hlífðarhjálmur ekki notaður | 1 |
| *2. mgr.:* | Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálm | 1 |

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 52. gr. og 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987 með síðari breytingum, öðlast gildi þann 1. febrúar 2009.

*Samgönguráðuneytinu, 29. janúar 2009.*

**Kristján L. Möller.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*